

Isavia ohf  
Reykjavíkurflugvelli  
101 Reykjavík

Reykjavík 16. október 2017  
UST201709-038/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Deiliskipulag - Keflavíkurflugvöllur - Austursvæði - Háaleitishlað**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Keflavíkurflugvallar er barst 6. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Keflavíkurflugvöll.

#### **Skipulagssvæðið**


Í tillöggunni kemur fram að deiliskipulagssvæðið er 108 ha og liggur í suðaustur jaðri Keflavíkurflugvallar s.k. Háaleitishlað. Í greinargerð kemur fram að svæðið liggur í 50 m hæð yfir sjávarmáli og er að mestu raskað. Einnig kemur fram að í dag eru byggingar á svæðinu alls 68.435 m<sup>2</sup>, en að um 30.000 m<sup>2</sup> af þeim muni víkja fyrir nýju skipulagi og nýjum byggingum.

#### **Fráveita**

Í umfjöllun um fráveitu kemur fram að fráveita af svæðinu tengist á nokkrum stöðum við kerfi Reykjanesbæjar á Ásbrú og fer í dælu- og hreinsistöð Reykjanesbæjar á Fitjum í Njarðvík. Einnig kemur fram að á skipulagstímabilinu verði ráðist í endurbætur á fráveitumálum eins og lagt er til í heildaráætlun fráveitu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að áætlun um endurbætur í fráveitumálum séu tímasettar. Einnig bendir stofnunin á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir að öðru leyti við hana en minnir á að ef upp koma mengandi efni þegar grafið er fyrir grunnum nýrra bygginga á svæðinu, þá þarf að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja þar um.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Agnar B Bragason  
Teymisstjóri